

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Neskaupstað, 28. apríl 2017

**Efni: Umsögn Samtaka náttúrustofa um tillögu til þingsályktunar um skipun starfshóps til að endurbæta löggjöf um vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra, 87. mál.**

Samtök náttúrustofa (SNS) taka eindregið undir efni umræddrar þingsályktunartillögu.

Hin ítarlega og fróðlega skýrsla „Vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra“ var unnin af nefnd sérfræðinga um villt dýr, velferð þeirra og veiðar. Þar er að finna ítarlega samantekt á stöðu þekkingar og lagalegri stöðu þessa málaflokks, ásamt rökstuddum tillögum um úrbætur á íslensku lagaumhverfi. Haft var mjög víðtækt samráð við sérfræðinga og hagsmunaaðila í málafloknum. Engum sem les skýrsluna dylst að brýn þörf er á endurskoðun lagarammans í fjölmörgum tilfellum.

Ritun skýrslunnar átti að vera fyrsta skrefið í heildarendurskoðun laga sem eiga við um villta fugla og spendýr hér á landi. Hugmyndin var að í næsta skrefi ynnu lögfróðir einstaklingar ný lög upp úr efni skýrslunnar. Samtök náttúrustofa telja þetta bera vott um vandaða stjórnslu. Mikilvægt er að starfshópurinn sem tekur við keflinu virði þær tillögur sem fram koma í skýrslunni, en þannig er líklegast að niðurstaða náist sem sátt gæti orðið um. Málið hefur legið niðri um skeið en skýrslan er enn í fullu gildi. Samtökin styðja þess vegna eindregið að haldið verði áfram í þá átt að bæta lagaramma villtra dýra, með skýrsluna góðu að leiðarljósi.

Virðingarfyllst, f.h. Samtaka náttúrustofa



Kristín Ágústsdóttir, formaður SNS

---